

Nd.

134. Nefndarálit

um frv. til laga um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

Nefndin hefir athugað málið og felst á frumvarpið í öllum aðalatriðum. Nefndin er þeirrar skoðunar, að hagur landsjóðs sje ekki svo sem stendur, að fært sje af árlegum tekjum hans að leggja neitt verulegt af mörkum til nýrra símasambanda. Á hinn bóginn litur nefndin svo á, að þörf sje víða á nýjum símasamböndum og hún mjög brýn. Ef nú á að bæta úr þessari brýnu þörf, þá verður það eigi gert öðruvísi en með lánsfje. Og nefndinni sýnist ekkert varhugavert við það að taka lán til slíkra verklegra framkvæmda, með því að reynslan hefir sýnt það, að símarnir hjer á landi hafa gefið landssjóði góðan arð.

Nefndin hefir álitíð, að rjett sje að taka símalínu frá Ólafsvík til Hellissands og hliðarlínu til Hríseyjar í annan flokk símanna. Hellissandur er allstórt þorp og hefir mikinn sjávarútveg. Þar er því mikil þörf á símasambandi, enda líklegt, að símalína þangað mundi borga sig. Í Hrísey er allmikil útgerð, og fengin þegar víska fyrir allríflegu framlagi úr hjeraði.

Þá hefir nefndinni þótt rjett að leggja það til að lækka tillagið úr hjeraði til línunnar frá Miðey til Víkur í Mýrdal, með tilliti til þess, að ekki er líklegt að Rangárvallasýsla sje fús til að leggja nema fremur lítinn skerf til hennar.

Því ræður nefndin hv. deild til að samþykkja frumv. með þessum breytingum:

Við 3. gr.

19. Töluliður orðist svo:

Hjarðarfell — Ólafsvík — Hellissandur.

Á eftir 24. Tölulið komi:

25. Hliðarsími til Hríseyjar.

Við 4. gr.

Orðin frá Ólafsvík til Sands falli burt.

Við 5. gr.

Í stað: »Til 20. liðs 2. flokks 5000 krónur« komi:

Til 20. liðs 2. flokks 4000 krónur.

Á eftir: »Til 24. liðs 2. flokks 5000 krónur« komi:
Til 25. liðs 2. flokks 3000 krónur.

Neðri deild Alþingis, 2. ágúst 1912.

Jóh. Jóhannesson, Jón Magnússon, Stefán Stefánsson, Eyf.
form. skrifari og framsögum.

Einar Jónsson. Halldór Steinsson.